



Arfleiðslugjörningur, erfðaskrá Jóns
Guðmundssonar og Sigríðar Þórðardóttur
Bakkastíg 8, Reykjavík 11. janúar 1938

Bjarni Benediktsson – Arfleiðslugjörningur, erfðaskrá Jóns Guðmundssonar og Sigríðar Þórðardóttur
Bakkastíg 8, Reykjavík 11. janúar 1938

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmalamaðurinn
Askja 2-3, Örk 6

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur



Við undirrituð hjón, jeg Jón Guðmundsson og jeg, Sigríður Þórðardóttir, bæði til heimilis Þakkastíg 8 í Reykjavík gjörum hjermeð með okkur svolátandi arfleiðslugjörning:

1) Hvort okkar, sem lifir hitt skal erfa það, er fyrr læst, svo sem frekast er heimilt, lögum samkvæmt með tilliti til sonar Jóns, Þórðar.

2) Við lát þess okkar er síðar andast skulu börnin Jón Magnús Sigurðsson Hringbraut 180, Reykjavík og Sigríður Þóra Sigfúsdóttir, Þakkastíg 8, Reykjavík taka arf svo sem nemur helmingi búsinns, eins og það var við lát þess, er fyr andaðist meðan til hrekkur, en það sem umfram kann að verða rennur til Þórðar Jónssonar.

3) Arfur sá, er börnin taka samkvæmt framansögðu skal skiftast að jöfnu milli þeirra. ~~Nú deyri annað barnanna áður en arfurinn fellur eða þá nær 16 ára aldri og fellur þá hlutur þess til hins.~~

4) Arfur sá, er börnunum fellur samkvæmt framansögðu skal standa óhreyfður í varðveislu sjerstaks tilsjónarmanns og undir umsjón yfirfjárráðanda þar til þau ná 16 ára aldri.

5) Sem tilsjónarmann með erfðahluta barnanna tilnefnum við Kristinn E. Andrésson, magister, Njálsgötu 72 Reykjavík.

6) Arfleiðsluskrá þessari getur hvorugt okkar rift án samþykkis hins. Heldur ekki getur það er lengur lifir gjört nokkrar þær ráðstafanir um eignir búsinns, með arfleiðsluskrá eða dánargjafagjörningi, að í bága fari við arfleiðsluskrá þessa.

Reykjavík, 11. janúar 1938.

Jón Guðmundsson
Sigríða Þórðardóttir
Sigfús Jónsson
(handsalad)

Ar-

1938, þriðjudaginn 11. janúar mættu fyrir undirrituðum fulltrúa notarii publiki í lögmannsskrifstofunni í Arnarhvoli hjónin Jón Guðmundsson og Sigríður Þórðardóttir, til heimilis að Bakkastíg 8, hjer í bæ, sönnuðu identitet sitt og lögðu fram fyrir mig ofanritaða arfleiðsluskrá, dagsetta í dag. Las jeg hana hátt fyrir þeim og eftir að hafa strykað út setninguna í þriðju grein hennar: "Nú deyr . . . til hins", undirritaði Jón, en Sigríður handsalaði Sigfúsi Jónassyni undirskrift sína undir arfleiðsluskraná í vöurvist minni og notarialvottanna. Gjörðu þau það af fúsum vilja og með fullu ráði og kváðu skraná hafa síðasta vilja sinn að geyma.

Notarialvottar voru þær Dýrleif Árnadóttir og Annie Helgason, sem báðar vinna hjer á 'krifstofunni.


Notarius publicus í Reykjavík

D.u.s.

Jarvit Þarnason

Notarialvottar:

A. Helgason
N. Árnadóttir



Gjald: kr. 5.55

-fimm krónur fimtíu og fimm
aurar-

Greitt.

BB

